











## Fundargerð

Fimmtudaginn 20. október 2020 kl. 13:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð. Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi boðuðu forföll.

- 1. Fundargerð síðasta fundar**  
Fundargerð fundar nr. 360 samþykkt.
- 2. Fundargögn**  
Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.

 360 fundargerð 17 9 2020.docx	 skil v. fjárfestinga.xlsx
 Bréf - Skaftárhreppur.pdf	 Svarbréf til EFS - Leigubústaðir Árborgar Leigubústaðir.pdf
 Forsendur 2021 - Skaftárhreppur.pdf	 Svarbréf til EFS - Sveitarfélagið Árborg rekstur.pdf
 Greiðsluáætlun 2020 - Skaftárhreppur.pdf	 Sveitarfélagið Árborg fjárfestingar 2019 eftir tímabilum.xlsx
 Skaftárhreppur áætlun 2021.pdf	 Yfirlýsing_samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál.pdf

- 3. Yfirlit verkefna**  
Farið var yfir verkefnaskjalið. Búið er að senda tölvupóst á öll sveitarfélögin þar sem óskað er eftir að útkomuspá 2020 og fjárhagsáætlun 2021 berist nefndinni fyrir 1. nóvember. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur síðan þá ákveðið að veita þeim sveitarfélögum sem óska eftir því frest til 1. des. að leggja fram fjárhagsáætlun 2021. Ákveðið var að sendur verður annar póstur til sveitarfélaga þar sem ítrekað verður að útkomuspá 2020 komi samt sem áður fyrir 1. nóv.

Enn eiga mörg sveitarfélög eftir að svara bréfi nefndarinnar um fjárfestingar á árinu 2019 og verður send ítrekun um skil á þau sveitarfélög.

- 4. Skaftárhreppur**  
Lögð fyrir greiðsluáætlun 2020 og fjárhagsáætlun 2021 frá Skaftárhreppi sem óskað var eftir í bréfi nefndarinnar frá 10. júlí 2020. Gert er ráð fyrir að reksturinn skili afgangi í lok árs 2020 og sveitarfélagið muni geta staðið við skuldbindingar sínar. Ákveðið var að aðhafast ekki frekar í málinu.

**5. Árborg**

Lögð voru fyrir bréf frá Árborg og umræða um þau. Ákveðið var að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Árborgar eftir að fjárhagsáætlun 2021 liggur fyrir til að fara betur yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og aðgerðir sveitastjórnar.

**6. Yfirlýsing í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál**

Undir þessum lið voru einnig á fundinum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri og Eiríkur Benónýsson. Fjallað var um samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025 sem skrifað var undir 30. september sl. Rætt var sérstaklega hlutverk eftirlitsnefndar í samkomulaginu.

Jafnframt var farið yfir yfirlýsingu ríkisins í tengslum við samkomulagið. Fram kemur í yfirlýsingunni að veita eigi framlag að fjárhæð 500 m.kr. til sveitarfélaga sem standa höllum fæti. Framlöggin verða veitt í samráði við eftirlitsnefndina. Ákveðið var að halda annan fund í eftirlitsnefndinni til að ræða samkomulagið og yfirlýsinguna ítarlega með hliðsjón af hlutverki og aðkomu nefndarinnar.

Fundi lauk kl. 14:50

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 29. október 2020.